Bryndís Guðmundsdóttir M.A. CCC-SLP, er talmeinafræðingur með áratuga reynslu í starfi með börnum og fullorðnum sem eiga við mál- og talmein að stríða. Sérsvið hennar liggja á sviðum er varða frávik í hreyfigetu og formgerð talfæra, framburði, tunguþrýstingi, skarði í gómi, raddvandamálum og taugafræðiskaða á tal og rödd, auk heyrnarleysis og kuðungsígræðslu.

Hún hefur starfað með íslensku- og enskumælandi börnum, unnið í samstarfi við sjúkrahús, leik- og grunnskóla á Íslandi, auk þess að vera í samstarfi við aðra talmeinafræðinga hjá Talþjálfun Reykjavíkur. Hún rekur eigið fyrirtæki, Raddlist ehf. sem sinnir mennta- og heilbrigðisþjónustu auk útgáfu- og þróunarstarfsemi.

Bryndís nýtir reynslu og þekkingu á sviði talmeinafræði til þróunar á *Lærum og leikum með hljóðin* sem hófst á námsárum hennar í Bandaríkjunum í samstarfi við dr. Bernard Silverstein prófessor.

Bryndís er höfundur bókarinnar „Einstök mamma" sem fékk Barnabókaverðlaun Menntaráðs Reykjavíkurborgar 2008.

Hún fékk sérstaka tilnefningu á alþjóðlegri ráðstefnu evrópskra kvenfrumkvöðla (GWIIN) 2011 vegna *Lærum og leikum með hljóðin*.

EINSTÖK MAMMA



Verðlaunuð bók sem fjallar um ólíkt málumhverfi sem börn alast upp við. Bókin byggir á stuttum sögum um upplifun ungrar stúlku af samskiptum sínum og umhverfis við heyrnarlausa móður. Hentar vel til umfjöllunar um ólíkt málumhverfi, málskilning og aðstæður þar sem foreldri talar annað tungumál en flestir í umhverfinu.

Salka forlag er útgefandi. Margrét Laxness myndskreytir.

KYNNINGAR, NÁMSKEIÐ OG NÁMSTEFNUR

Raddlist ehf. býður kynningar, námskeið og námstefnur sem byggja á aðferðafræði *Lærum og leikum með hljóðin*. Þar eru kynntar gagnreyndar aðferðir og rannsóknir sem liggja að baki efninu. Á einfaldan, skýran og skemmtilegan hátt eru dæmi tekin um kennslufræðilegt gildi og framsetningu sem nýtist uppalendum og fagfólki í starfi með börnum.

bryngudm@gmail.com, laerumogleikum@gmail.com,
www.laerumogleikum.blog.is, www.facebook.com/Lærum og leikum með hljóðin

Lærum og leikum
með hljóðin

Lærum og leikum með hljóðin er fjölbreytt framburðarefni eftir Bryndísi Guðmundsdóttur sem er ætlað börnum foreldrum og fagfólki til að undirbúa rétta hljóðmyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur.

Málhljóðin í íslensku eru kynnt til sögunnar í sömu röð og barnið tileinkar sér hljóðin og þyngdarstigið eykst um leið og leikið er í skemmtilegum æfingum í bókum, spilum og myndbandsefni.

Halla Sólveig Þorgeirsdóttir og Búi Kristjánsson hafa unnið litríkar og skemmtilegar teikningar fyrir *Lærum og leikum með hljóðin*.

BÆKURNAR

Lærum og leikum með hljóðin, undirbúningur fyrir hljóðmyndun og tal, sem kom út árið 2008 er svokallað „grunnefni“ með öllum samhljóðum og leggur grunn að frekara efni sem þyngist smám saman og býður upp á fleiri æfingar með hvert hljóð á spennandi og skemmtilegan hátt. Sérstakt viðbótarefni með áherslu á R og S hljóðin kom út haustið 2010. R og S bókunum fylgja tvö A -3 borðspil til að auka á fjölbreytni í notkunarmöguleikum efnisins. Bækurnar eru sérstaklega ætlaðar foreldrum og börnum. Þá hafa þær nýst vel börnum og fullorðnum af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku.

FRAMBURÐARÖSKJURNAR

Þrjár framburðaröskjur hafa þegar verið gefnar út: Grunnaskja, R-askja og S-askja. Framburðaröskjurnar innihalda leiðbeiningar og hugmyndir um notkun efnisins, framburðarbók, allar myndir úr bókunum á tvöföldum myndaspjöldum og A-3 borðspil. Framburðaröskjurnar eru sérstaklega ætlaðar skólum, bókasöfnum, stofnunum, fagaðilum og þeim foreldrum sem vilja nota ítarlegra efni.



FLOKKUNARKASSAR með millispjöldum

Það munar miklu að hafa hið fjölbreytta efni úr framburðaröskjunum á einum stað, flokkað með millispjöldum með táknmyndum efnisins. Lausnin er fundin með sérgerðum flokkunarkössum fyrir *Lærum og leikum með hljóðin.*

LÍMMIÐAR

Öll börn hafa gaman af límmiðum. Límmiðana má nota á ýmsa vegu, sem hrós eða til að minna á það hljóð sem æft er hverju sinni. Á límmiðunum eru bæði samhljóðar og sérhljóðar í íslensku, auk hvatningar frá Mána og Maju sem kynna allt efnið í bókunum.

BORÐ-/LISTAMOTTUR

Frábær nýjung fyrir heimilið og skólann. Þessar fjölnota „mottur“ koma sér vel við borðhaldið undir matardiska og glös, við leir-listavinnu -og sem hljóðaspil til að leika og spila. Borðmotturnar koma í fjórum líflegum litum og eru úr fallegu vatnsheldu efni sem liggur vel á borði.

GEISLADISKUR með hljóð- og myndefni

Við skemmtilega tónlist birtast táknmyndir á skjáinn fyrir hvert og eitt hljóð eftir aðferðafræði *Lærum og leikum með hljóðin*. Orðin fljúga svo inn og barnið smellir á rétta mynd við hvert orð. Með þessari útgáfu er enn aukin fjölbreytni í leiðum til að ná árangri til undirbúnings réttri hljóðmyndun og hljóðkerfisvitund.